

FUNDARGERÐ STJÓRNAR SORPU BS.

413. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 27.09.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Kristinn Andersen, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Bjarni Torfi Alfpórsson, Magnús Örn Guðmundsson og Ágúst Bjarni Garðarsson boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 4 voru Erlendur Gíslason lögmaður hjá Logos og Eyþóra Geirsdóttir lögfræðingur hjá borgarlögmannsembættinu.

Tilkynning hefur borist frá Reykjavíkurborg um að nýr varamaður í stjórn SORPU bs. er Sabine Leskopf og kemur í stað Kristínar Soffiu Jónsdóttur.

Tekið fyrir:

- 1. Fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð og bygging gas- og jarðgerðarstöðvar**
Öll sveitarfélögin hafa samþykkt ábyrgð á láni fyrir SORPU bs. og stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt lánveitingu að upphæð 990 milljónir. Bókanir úr fundargerðum sveitarfélaganna lagðar fram. Málið rætt.
- 2. Úttekt á verkferlum og fyrirkomulagi**
Stjórn samþykkir að fela innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að gera úttekt á starfsemi félagsins skv. framlögðu minnisblaði.
- 3. Rekstraráætlun 2020 - 2024**
Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun 2020 – 2024. Málið rætt.
- 4. Bréf Landslaga til LOGOS vegna kröfu ÍAV**
Lagt fram bréf Landslaga, dagsett 28. ágúst 2019 vegna kröfu ÍAV vegna útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Gestir fundarins fóru yfir málið. Málið rætt. Stjórn felur Erlendi Gíslasyni að svara bréfi Landslaga.
- 5. Framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Byggingin er á áætlun, búið er að steypa um 87% af áætluðu steypumagni og telst verkið í heild 80% lokið. Áfallinn kostnaður er um 2.900 milljónir króna. Vegna tafa við fjármögnun tækjabúnaðar í móttökustöð er útlit fyrir að ekki verði hægt að taka stöðina í notkun fyrr en í apríl/maí 2020.
- 6. Framvinda stækkunar móttökustöðvar í Gufunesi**
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna stækkunar móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi. Búið er að steypa um 45% af áætluðu steypumagni og telst verkið vera 42% lokið.
- 7. Metannotkun hjá Strætó bs.**
Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá fundi með stjórn Strætó bs. um hugsanlega notkun Strætó bs. á metani. Málið rætt. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram
- 8. Fyrirspurn bæjarráðsfulltrúa í Kópavogi**
Lögð fram fyrirspurn sem lögð var fram í bæjarráði Kópavogs þann 3. september sl. Svar framkvæmdastjóra kynnt.
- 9. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í Reykjavík um nýtingu og sölu á metans hjá SORPU bs., R19090140**
Lögð fram ofangreind fyrirspurn sem lögð var fram í borgarráði þann 12. september sl.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 7. október 2019 kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:45

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir